

Fundur var haldinn í stjórn SKA, miðvikudaginn 06. desember 2017 kl. 10:00 á bæjarskrifstofu Fljótshéraðs.

Mætt: Jón Þórðarson formaður stjórnar, Lárus Heiðarsson, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Vilhjálmur Jónsson, Gauti Jóhannesson, Sif Hauksdóttir og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður. Ólafur Áki Ragnarsson boðaði forföll.

Jón setti fundinn, bauð stjórnarfolk velkomið og stjórnaði fundi.

Dagskrá fundarins.

1. Undirbúningur aðalfundar
2. Önnur mál

1. Lagður var fram ársreikningur SKA fyrir árið 2016. Rekstrarhalli var kr. 18,4 millj. samkv. rekstrarreikningi, en áætlun gerði ráð fyrir kr. 6,0 millj. halla. Eigið fé samlagsins í árslok var neikv. 19,9 millj. kr. samkv. efnahagsreikningi, þar af var hækkun lífeyrisskuldbindinga 17,8 millj. Ársreikningurinn var undirritaður af stjórn og samþykkt að vísa honum til aðalfundar.

Fjárhagsáætlun SKA 2018 var lögð fram. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaga verði kr. 63.656.735,- Aðrar tekjur, samtals kr. 23.600.000, ásamt framlögum vegna málefna fatlaðs fólks kr. 450.000.000,- Rekstrargjöld verða samtals kr. 537.256.735,- mismunur kr. 6.000.000,- verði greiddur úr sjóði.

Fjárhagsáætlun vísað til aðalfundar til samþykktar.

2. Forstöðumaður greindi frá því að á aðalfundinn mæti félagsmála- og fræðslustjórar Fljótshéraðs og Fjarðabyggðar með tvær stuttar kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40
Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson